

Lög foreldrafélags Grunnskóla Grindavíkur

1. grein

Félagið heitir Foreldrafélag Grunnskóla Grindavíkur og starfar eftir lögum grunnskóla nr. 91/2008. Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.

2. grein

Markmið félagsins er að:

- o vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- o efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- o styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- o koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- o standa vörð um velferð og réttindi barna til mennta og aukins þroska.

3. grein

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:

- o skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum bekk
- o koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
- o kjósa fulltrúa í skólaráð samkvæmt reglum félagsins
- o standa að upplýsingamiðlun til foreldra m.a. með útgáfu fréttabréfs og halda úti heimasíðu foreldrafélagsins þar sem birtar eru fundargerðir og annað er viðvíkur starfsemi félagsins
- o veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði sem bestar
- o styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans
- o taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og landssamtök foreldra

4. grein

Stjórn félagsins skipa sjö foreldrar/forráðamenn, æskilegt er að þar af sé einn sem einnig er fulltrúi foreldra í skólaráði. Stjórn skal kjörin til tveggja ára í senn þrjár stjórnarmenn annað árið og fjórir hitt árið. Gæta skal jafnræðis milli kynja í stjórn og æskilegt er að það séu foreldrar í stjórn frá öllum skólastigum. Formaður skal kosinn sérstaklega að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Aldrei skulu fleiri en fjórir ganga úr stjórn í einu.

5. grein

Bekkarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hversrar bekkjardeildar með nánú samstarfi við umsjónarkennara. Stjórn foreldrafélagsins ber ábyrgð á að í upphafi skólaárs séu kosnir tveir til þrjár fulltrúar forráðamanna úr hverri bekkjardeild til tveggja ára í senn.

6. grein

Aðalfundur skal haldinn í nóvember ár hvert. Stjórnin boðar til fundar með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins.

Verkefni aðalfundar:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning formanns foreldrafélags og annarra stjórnarmanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Önnur mál

7. grein

Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf.

8. grein

Stjórn foreldrafélagsins hefur ekki afskipti af einstaka málum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

9. grein

Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og er ákveðið á aðalfundi.

10. grein

Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á stjórnarfundum og renna þá eignir þess til skólans.

11. grein

Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

Samþykkt á aðalfundi Foreldrafélags Grunnskóla Grindavíkur 2. nóvember 2011.